

Loftslagsstefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) ætlar sér forystuhlutverk á sviði sjálfbærrar landnýtingar, umhverfsvæns landbúnaðar, vistheimtar, nytjaskógræktar, og umhverfis- og náttúrufræða á Íslandi. Lbhí vill vera til fyrirmyndar í umhverfsvænum búrekstri, umhverfis- og náttúruverndarmálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í rekstri, stjórnun, starfsemi og uppbyggingu. Lögð verður áhersla á að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi skólans og þeim afleiðingum sem losuninni fylgir.

Fyrsta tímabil loftslagsstefnu Lbhí nær yfir árin 2022-2024. Fyrir liggur tímasett aðgerðaáætlun um mælanleg markmið og skilgreindar aðgerðir á þessu tímabili. Fyrir árið 2030 mun Lbhí draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sínum um 40% á hvert stöðugildi miðað við árið 2019. Lbhí mun leggja áherslu á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri, ásamt því að draga úr losun og stuðla að bindingu gróðurhúsalofttegunda með endurheimt vistkerfa. Ef með þarf mun Lbhí kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.

Stefnan nær til allrar starfsemi Lbhí, þ.e.a.s. rekstrar, mannvirkja og framkvæmda, hvort sem um er að ræða orkunotkun, úrgangsmyndun, innkaup, fræðslu, landnýtingu eða búrekstur. Tekið verður mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu og m.a. unnið með Grænvangi (samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir) og Festu (miðstöð um samfélagsábyrgð) að framkvæmd stefnunnar.

Lbhí er nú þegar fremstur í flokki í vistheimtarfræðum á Íslandi, en vill leggja enn meiri áherslu á vistheimt á næstu árum, bæði í kennslu og með aðgerðum á landi í eigu Lbhí. Stefnt er að því að koma sérstakri meistaranámsbraut í vistheimtarfræðum á fót og unnið að því að skólinn haldi áfram að hafa afgerandi forystu meðal íslenskra háskóla varðandi rannsóknir, kennslu og aðgerðum í vistheimt. Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknir á leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landnýtingu, búrekstri og búfé, sbr. m.a. samning Lbhí við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um iðragerjun nautgripa. Einnig verður stuðst við uppfærða aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri.

Stefnunni er fylgt eftir með innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, sem hófst hjá Lbhí í september árið 2021, í samræmi við fyrirnefnda aðgerðaáætlun 2022-2024. Loftslagsstefna Lbhí og aðgerðaráætlun eru rýndar á hverju ári af vísindanefnd Lbhí og yfir- og undirmarkmið uppfærð með tilliti til þróunar græns bókhalds á milli ára.

Loftslagsstefnan er samþykkt af háskólaráði 22. desember 2021 og verður árangur aðgerða birtur opinberlega á vef skólans.